

**Ed.**

**68. Frumvarp til laga**

um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni stýrimannsskírteini á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Pétri Sigurðssyni sjóliðsforingjaefni undanþágu frá því að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík samkv. lögum nr. 100 23. júní 1936 og láta honum í té stýrimannsskírteini í utan- og innanlandssiglingum á íslenskum verzlunar- og varðskipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjóraskírteini á samskonar skipum eftir að hann hefir fullnægt ákvæðum laga nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar. Skulu próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn jafngilda íslenskum prófum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.